

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1998

Nr. 405

1274

13. júlí 1998

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 342, 19. júní 1998,
um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands
á loðnuvertíðinni 1998/1999.**

1. gr.

5. gr. orðist svo: Á tímabilinu 20. júní til 30. nóvember 1998, skulu ekki fleiri en 30 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis. Á tímabilinu 1. desember til 15. febrúar 1999, skulu ekki fleiri en 20 norsk skip stunda loðnuveiðar í lögsögunni samtímis.

Ekki skulu fleiri en 7 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hvorri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 11. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „veiðileyfi sbr. 2. gr.“ í 1. málslíð 1. mgr. 11. gr. komi: staðfestingu Landhelgisgæslunnar sbr. 3. mgr. 5. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.